

## 1281

## Jónsbók

## Landsleigubálkr.

## Kap. 6. Ef leiguliði er beittr ok hver tré hann á.

...

Ef fiskveiðr fylgir leigulandi eða fuglveiðr eða eggver, ok á leigumaðr þat allt, nema frá sé skilt í kaupri þeira, ok svá ef þar rekr fiska eða fugla, sela, háskerðinga ok hnísur . . . Nú rekr hval á fjöru þar, þá skal hann festa hval sem hann eigi, ok hafa af sex vættir, hálftr hvárt spik ok rengi, ef hvalr er tvítugr eða lengri eins kyns. Þó er hann skyldr at festa at skemmri sé. En ef hann bergr verr hval . . . en nú er tínt, þá . . . ábyrgist (hann) skaða þann allan er eigandi fær af hans órækt.

## Kap. 16. Um landamerki ok hirðis rismál ok um beit.

Nú ganga menn á landamerki ok verða eigi á sáttir, þá eigu þeir at lögfesta til þeira merkja, er þeir segja rétt er þar eigu lönd við fyrir utan . . . Ef maðr lögfestir haga sinn, þá skal sá er þar á land næst reka láta bú sitt allt í þat horn landsins er first er lögfestu hins. Nú hafa fleiri menn lögfest, þá skal hann láta reka í miðjan haga sinn um aptna. Hann skal hafa rekit fé sitt ór haga hins þá er sól er í austri miðju, þat er hann mátti finna. Þat heita hirðis rismál. Hann skal láta sitja at um dag, ok ef svá er gert, þá er hann sýkn saka, þó at hagi hins beittist. Hvergi á maðr at bæta fyrir hagabeit nema lögfest sé, nema hann láti reka at landi eða í land hins, svá at hann vildi at hagi hins beittist. Þá bæti fyrir skaða . . . þeim er gras á, ok svá ef hann varðar minnr við, þar er lögfest er, en fyrr var skilt, ok svá ef hann fær eigi þann mann til hirðis at skynsömum mönnum virðist at vel megi gæta ef hann vill.

## Kap. 17. Um lögfesting, hver rétt er.

Ef maðr lögfestir holt eða haga eða veiðistaðir, þá skal lögfesta at kirkju eða á þingi, þar sem jörð liggr. Hann skal svá segja: Ek lögfesti hér í dag eign mína er N. heitir, akra ok töður, engjar ok skóga, haga ok allar landsnytjar er því landi fylgja, til ummerkja þeira er aðrir eigu í móti mér, bæði at orðfullu ok lögmáli réttu. Fyrirbyð ek heðan af hverjum manni sér at nýta eða í at vinna, nema mitt sé lof eða leyfi til, at vitni þínu N. ok þínu N. ok allra þeira er orð mín heyra. En sá er lögfestir, hann skal tala svá hátt, at allir heyri þeir er þar eru, ef þeir vilja. En sú lögfesta skal standa tólf mánuði hina næstu eptir, ef eigandi lögfestir eða hans umboðsmaðr.

## Kap. 19. Um merkibjörk ok skógarspell.

...

En ef sumir (af fleiri sameigendum jarðar) leyfa íneyslu í jörðu en sumir eigi, þá taki sá er eigi leyfði, . . . slíkt af áverka sem í jörðu á. En ef fleiri hafa óleyft, þá taki allir . . . slíkt af áverka sem í jörðu á. . . Nú ferr maðr í skóg annars manns fyrir utan leyfi þess er á, ok vinnr í, . . . þá skal hann er í vann . . . fyrir bæta . . . skógarspell, ok svá þó at maðr rífi hrís á annars jörðu . . . Ef maðr höggr skýlihög á viði eða beitr eða skefr svá at spell er á, bæti skógarspell . . . Hvervitna þar sem maðr hittir áverka í skógi sínum, þá skal hann at ósekju brott taka.

## Kap. 20. Um skógarskipti ok áverka.

...

Ekki skal höggva í annars manns skóg nema umferðarmenn farargreiðabót, hvárt sem bilar at vögum, sleða eða klyfbera, eða öðrum tréreiða, ok keyrivönd ok til eldsneytis, ef úti býr um nærsakir í sama stað, nema hann nái hvárki kaupri né orlofi á, ok gengr nauðsyn til, þá höggvi meðan hann

þarf, ok bæti skógarspell . . . , ef sá ámalgar er á eða hans umboðsmaðr, svá ok ef á skipi býr.

## Kap. 21. Um skóg á annars jörðu.

Ef maðr á skóg á annars manns jörðu, ok á hann at njóta þess skógar svá sem á hans jörðu sjálfs sé at höggvi. Eigi skal hann eyki þar hafa um nætr. Hann skal gera þar kol, ok hafa brott fært fyrir vetrnætr hinar næstu ok hylja grafar, svá at eigi liggi búfé í. En ef hann gerir eigi svá, bæti . . . landsdrottni . . . skaða þann allan er verðr af gröfum þeim er eigi váru hulðar, ok svá skal hvervitna þar sem maðr gerir kol á annars jörðu . . . Nú vill sá sér nýta lim er skóg á á annars jörðu, þá skal hann bera láta saman lim, fauska ok stofna í köstu, hafa í brott fært innan tólf mánaða þaðan frá, ok hafa þetta gert, stofna upp rætta fyrir vetrnætr hinar næstu, ok svá fauska ok lim saman borit, ella á sá er jörð á undir . . . ef eigi er brott fært innan tólf mánaða. Ef maðr höggr annars manns skóg til hlutar, þá skal þat haldast eptir því sem í kaup þeira kom, ok hafa grafagerð at fjálsu svá sem þar er maðr á skóg á annars manns jörðu. Nú vill annar eigi skipta kolum eða kolviðum, þá skal þó skipta svá sem fyrr segir. Ef viðr vex um þjóðbraut þvera, svá at þar má eigi aka eða klyfjar bera, þá höggvi sá er vill þann við, ok kasti í skóg frá götu. Sá maðr á at beita í skógi annars er jörð á undir, meðan meirr bítr gras en skóg. Sá er skóg á má ok beita búu sínu, meðan meirr bítr skóg en sinu. En hverr sem öðruvíss beitr, bæti skaða sem menn meta . . . Hverr maðr á viðarvöxt í skógarmarki sínu, meðan hann á þar fornan við nokkurn. Ef menn höggva skóg þann upp allan er tveir menn eða fleiri eigu saman, þá skulu þeir skipta með sér merkibjörkum ok höggva þær síðarst. Ok þá er skógr sá er svá eyddr at eigi finnst viðr eptir, þá eignast sá skógarstöðu er jörð á.

## Kap. 22. Um engi á annars jörðu.

Ef maðr á engi á annars manns jörðu, þá skal hinn eigi beita engi þat frá því er sex vikur eru af sumri. En sá er engit á, skal þat fyrst láta vinna, nema hann vili töðu sína fyrr vinna. En ef hann vinnr eigi svá, ok vill þó unnit hafa, þá bæti . . . þeim er jörð á, ok óheilagt heyit ok engit. Nú á hann engjar í fleiri manna löndum, þá skal hann sitt sumar hvert fyrst slá, ok eigi fyrri heima en þau eru öll slegin. . . . Kost á maðr at gera löggarð um þetta engi, ef eigi liggja beitu-teigar hér í annarra manna, fimm aura verðir eða meira, ok grafa í sínu engimarki torf til, ok láta hlið á garði. En ef hann vill grjótgarð hafa, þá brjóti hann ef hann vill í annars manns jörðu grjót upp, ok bæti . . . skaða, ef af því gerist. Rétt er honum at setja garð þann á jörð hins, á hrjóstr eða hölkn, ef eigi verða innangarðs beitu-teigar hins fimm aura verðir. En ef hann gerir annan veg, bæti skaða . . . landsdrottni. Honum er rétt at byrgja aprt garðinn fimmtadaginn er sex vikur eru af sumri. Hann skal hirt hafa hey sitt ór garðinum ok hliðum upp lokit er fjórar vikur eru til vetrar, nema nauðsyn banni. Síðan er óheilagt heyit og engit fyrir þeim, er jörð á undir, þó at hann lúki upp hlið á garðinum.

## Kap. 23. Um löggarð um hey í annars jörðu.

Maðr skal gera löggarð um hey sitt í annars landi ok grafa í sínu engimarki torf til, ok svá skal hann gera löggarða í fjallhögum, þó at hann eigi sjálfr jörð undir, ok í engimarki sjálfs síns, ef eigi er lengra frá annars manns landsmarki en tvau hundruð faðma tólfrað. Ef garðr sá fellr eða þrútnar svell upp í hjá, þá skal sá er beit á um garðinn eða svá nær gera orð þeim er hey á í garðinum ok varða búfé sínu við heyi hins. En hann skal til fara um at búa eða brott færa, þegar

honum er sagt forfallalaust. Ella er heyt óheilagt við þess búfé er þar á beit svá nær. Sömu leið skal fara, ef snjó leggr at garðinum, nema sjálfir vili frá láta snjóinn. Ef hinn varðar eigi við eða gerir eigi orð sem nú sagði, bæti skaða þann allan sem hans fé gerir . . . þeim er hey á. Ef maðr lætr engi sitt liggja óslegit þrjú sumur samfleytt, þá er sá eigi skyldr at verja er jörð á, nema hinn segi fyrir fardaga, at hann vill slá engit. Nú býr maðr svá nær engi sínu, því er hann á á annars jörðu, at hann vill heiman beita ok slá eigi, þá á hann kost þess, svá at hann skal mann hafa at fé sínu, ok gæta svá at eigi gangi í haga hins eða eng. Ef fé þess manns treðst í garði þeim er beitina á svá nær sem fyrr var tínt, af því at löggarðr var eigi þar sem hann skyldi vera, þá á sá þat allt at bæta er garði skyldi upp halda. Nú er hey fært í hús eða hlöður svá nær beit hins sem fyrr váttr, þá skal svá um búa at búfé hins komist eigi at heyinu. En ef húsit fellr ofan, þá skal beitarmaðr gera þeim orð er á ok verja við fé sínu þar til er hinn kemr til er hey á, eða gera upp sjálfir ella. Nú vill hinn eigi til fara eða hefir eigi byrgt dyrr eða vindauga, ok kemst búfé þar inn, þá ábyrgist hann, ef fé hins treðst þar eða fellr hús á . . . En ef fen eða vötn eða forað gerða um hey manna, ok er hey þegar óheilagt, er fé kemst yfir.

#### **Kap. 24. Um viðarvöxt í engi manns á annars jörðu.**

Hverr maðr á engivöxt í sínu engimarki. En ef víðara vex, þá á sá er jörð á undir. Nú vex víðr í engi manns, þar er annarr á jörð undir, ok er rétt at sá rífi upp við þann allan er engit á, ef þat er rífhús, en sá á víðinn er jörð á undir. Þat er rífhús er skjótara er at rífa upp en höggva. En þat er höggskógr er skjótara er at höggva en rífa. Nú vex höggskógr í engi því er maðr á á annars jörðu, þá skal sá kaupa, ef hann vill, er jörð á, eptir því sem sex skynsamir menn meta at engit var vert. Skal sá kjósa er engi átti, hvárt hann vill heldr hafa engi jafngott eða aðra aura. Sá er jörð á undir eignast bæði engit ok svá skóginn, ef hinn vill eigi selja. Nú vill jarðeigandi eigi kaupa, þá eignast hinn bæði engi sitt ok skóginn. Ef engi þat spillist af eggveri er maðr á á annars manns jörðu, þá skal á sömu leið fara sem um þat engi er skógrinn vex á, ok svá þó at fiskivötn komi þar upp. Svá skal virða engit sem vert var áðr spilltist af skógi eða eggveri eða vatni. . . . Menn eigu at æja eykjum sínum í annars landi á sumar, þar sem eigi hefir fyrr slegit verit. Hverr maðr á gróðr á sinni jörðu. . . .

#### **Kap. 25. Ef hey rekr á annars jörðu.**

Ef sjór eða vötn eða veðr rekr hey manna saman, þá skal sá er hey á á annars jörðu kveðja þann skiptis er hey á með honum. Vill hann eigi skipta, . . . hafi þat hverr af sem dómr dæmir. Þeir menn er þat hey eigu er á annars jörð rekr skulu at frjálsum þurrka heyt þar, en eigi heim færa fyrr en skipt er. Hann má þat ok vinna á jörðu hins, þar er hvárki er akr né eng, at gera löggarð um heyt. Ef hey rekr á engi hins, þá bæti honum skaða sem metinn verðr. Ef hey rekr í haga manns, ok á sá at gera löggarð um, er hey á, ok svá at þurrka. . . .

#### **Kap. 32. Ef löggarðr er brotinn ok um löggrind ok þjóðveg.**

. . .

En ef maðr skýtr upp grind ok gengr fénaðr í akr eða eng, bæti skaða þann er gerr var . . . þeim er korn á eða gras. Ok svá ef maðr höggr grindarhæla í sundr, eða veltir steini frá, ef við liggir, ok stendr fyrir því opin. . . . En ef maðr ríðr eða gengr yfir akr, töðuvöll eða eng, ok vill eigi fara vega rétta, sá maðr er sekr mörk við þann er lóð á. . . .

#### **Kap. 36. Um hestaat ok taglskurð.**

. . .

Nú tekr maðr hepting af hrossi manns ólofat, gjaldi eiganda eptir dómi ok ábyrgist hross at öllu ok verk þess, til þess er eigandi kemr höndum á . . . nema inn seti til uslagjalda. En ef hross eða annarr fénaðr rennr eptir manni, seti inn á næsta bæ er á leið verðr fyrir honum, ella ábyrgist at öllu ok bæti skaða, ef eiganda verðr at. Nú vill sá eigi taka með honum eða láta inn setja fénað er fyrir sitr, þá ábyrgist hann at öllu.

#### **Kap. 38. Um virðing á hrossi ok meðferð.**

. . .

Nú kemr hross þat í land manns er hann veit eigi hverr á, þá skal hann lýsa því at kirkju eða á þingi, ok ef engi kemr eptir innan hálfis mánaðar þaðan frá er lýst var, þá er honum rétt at láta virða hrossit. Síðan má hann með fara sem hann eigi ok ábyrgist at öllu. Svá skal virða sem þá var vert er hann sagði til. Nú kemr eigandi eptir, kjósi sjálfir, hvárt hann vill hafa hross eða hrossverð. . . .

#### **Kap. 39. Um áverka á fénaði ok dráp.**

Aldregi gengr fénaðr sér til ógildis. Nú drepr maðr fénað manns ok gengr við sjálfir ok segir á hendr sér, hafi hann hit dauða eða hit lama er drap, en hinn heilt fyrir. Nú drepr maðr eða berr fénað manns ok segir eigi sjálfir eiganda . . . , bæti löstu á sem . . . skynsamir menn meta. . . . Verkfall ok nytfall, þá skal þat bæta sem menn meta. . . .

#### **Kap. 42. Um sætraferð ok gerð.**

Hvervetna þar sem sætr eru til bæja manna, hann skal fara þar yfir annars land með búfé sitt til sætra ok fara fornar götur, ef til eru, ok hafa í togi lausahross, ef yfir eng er at fara. Nú eru keldur á götu hans, þá má hann þar gera brúar yfir ok vinna þat á jörðu hins. . . .

#### **Kap. 43. Um sætragerð, hver vera skal.**

Nú skal til sætra á fjöll upp vera merki sem at fornu fari hefir verit, færa eigi ór stað, nema hann færi engum manni til meins. Svá skal þar sætr at sömu. Engi skal ok setja sætr sitt við annars haga þar sem eigi hefir at fornu verit. Þar skal mæta horn horni, en hófr hófi.

#### **Kap. 52. Ef menn vitu eigi hvárt eru almenningar eða afréttir.**

Svá skulu almenningar vera sem at fornu hafa verit bæði hit efra ok hit ytra. . . .

#### **Kap. 57. Um merkta fugla ok ómerkta.**

. . .

Nú tekr maðr merktan fugl í sínu landi, þá skal hann gera orð eiganda innan mánaðar, ef hann er sams heraðs, ok varðveita svá at eigi spillist. En ef hann fær eigi svá varðveitt, hafi sjálfir eptir virðingu granna sinna, ok gjaldi þeim verð er átti. Ok svá ef hann veit eigi hverr á, þá láti virða ok lýsi á þingi eða at kirkju innan hálfis mánaðar, ok svá hvert mark á er. Á fitjum skal fugla merkja ok sýna mark . . . grönnum sínum. Eigi er lögmark ella. . . . Í hvers landi sem elptr verpa, þá eignist sá er markar, ef hann veitir atróðr í sínu landi. . . . Nú hafa elptr þrjú sumur orpit í sama landi samfleytt, þá eignast sá er þat land átti, í hvers landi sem hann kreppir ok merkir, ok þó at annarr marki, þá á hann, ef grannar hans vilja þat með eiði sanna, at þeim þykki þat líkast, at þær elptr hafi í hans landi orpit, en hinn hafi þó fyrir starf sitt.

#### **Kap. 58. Hvat veiða má á annars manns jörðu.**

. . .

Eigi skal maðr útan orlofs lesa ber á annars jörðu til heim at bera. En ef less, tvígildi ber, ok svá grös, ef hann less þau.

**Kaupabálkr.****Kap. 16. Um ábyrgð á leigufénaði manna.**

Nú selr maðr kýr á leigu eða annat búfé, þá skal sá ábyrgjast at öllu er hefir, nema við bráðasótt ok lungnasótt, kelfing eða lambburð, aldri eða lýstr reið. En þó at alla ábyrgð skili þeim á hendr er leigir, þá skal þat eigi haldast. . . . Engi skal kú eða annat kvikfé leiga lengr en lifir, nema hann drepi sjálf. Nú skal hann kú hafa at leigumála réttum til fardaga at öðru vári, nema þeir hafi annan eindaga á mælt sín í milli þá er hann tók kú. Nú er sú kýr dauð, en hann átti veð í annarri, þá skal hann þá hafa fyrir sína kú, því at kýr skal í kýr stað koma. En ef sú lifir, þá skal hann þá hafa, þó at sú sé ellri. En ef lestir eru á orðnir, þó at hali slitni eða horn brotni, þá skal hann þá löstu bæta. Nú vill hann kú eigi lengr leiga, þá skal hann hitta þann er kú á, ef hann er innan heraðs, ok bjóða honum kú við vátum. En ef hann er eigi innan heraðs, þá skal hann færa kú heim ok leiða menn til ok láta sjá kú, at hon er heil ok hinum tæk er á, þá segi hann af ábyrgð sína ok veiti vörð kú sem sínum nautum ok þiggi af nyt, ok hafi þat fyrir gras ok gæslu, ok ábyrgist við handvömmum sínum einum. . . . Svá skal at öllu fara um annat leigufé sem um kýr skilr. Nú drepr maðr viljahendi leigufé af útan lof þess er

á, . . . ok hafi eigandi fullar leigur af því fé, svá sem lifanda væri.

**Kap. 17. Um fúlgufé ok handvömm manna.**

Nú felr maðr búfé sitt inni at manni at fúlgumála réttum, þá skal hann ábyrgjast við handvömmum sínum öllum. Þat eru handvömm hans, ef hann sveltir eða drepr eða þeir menn er hann skal halda orði ok eiði fyrir. Þat eru ok handvömm hans, ef haldsmaðr hittir eigi fyrir en önd er ór, eða fellr fyrir berg ok fylgir eigi féhirðir. En ef hann sýnir áðr en húð er af flegin ok fylgir féhirðir, þá eru þat eigi handvömm hans. Þat eru handvömm hans, ef drukknað í brunni eða kyrkir klafi. En ef hess er í bandi eða renni staur fyrir, þá eru þat eigi handvömm hans. Þat eru ok handvömm hans, ef af ofmegri deyr. Nú skal hann fæða til krossmessu á vár. Þá hitti hann þann er á ok bjóði honum at taka við fé sínu ok sýni honum, at fært sé at mat sér, ok segi af sína ábyrgð. Nú tekr maðr hross á fúlgu eða á bit, þá á hann at ábyrgjast við handvömmum sínum. En þat eru allt handvömm hans er grannar hans virða til þess ok vilja þat með eiði sínum sanna, nema hann segi þat at hann vili at engu ábyrgjast. Nú tekr maðr naut á fóðr, ok skal hann svá ábyrgjast sem fúlgunaut. Þat skal maðr eigi ábyrgjast at kýr fái eigi kálfs, ef hann hefir graðung með nautum sínum.